

## 5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Í henni eiga sæti: bæjarstjóri Neskaupstaðar, sjálfkjörinn, einn maður kosinn af bæjarstjórn og einn kosinn af aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, báðir til fjöggra ára í senn. Hætti Lifrarbræðslufélagið störfum, eða leggist niður, kys bæjarstjórn báða nefndarmennina.

37

25. apríl

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins ljúka reikningum í janúarmánuði ár hvert.

## 7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga 21. jan. 1934.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig:

38

25. apríl

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, Norðfirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjúkrahússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga.

## 2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af Lifrarbræðslufélagi Norðfirðinga. Er stofnfé hans nú kr. 8028.66. Vextir skulu árlega lagðir við höfuðstól.

## 3. gr.

Sjóðnum skal varið til kaupa og viðhalds innanstokksmuna í sjúkrahús Neskaupstaðar, svo og áhalda og muna er sjúklingum getur að haldi komið og miða að fullkomnum stofnunarinnar sem sjúkrahúss, án þess að gangi í rekstur eða viðhald sjálfrar byggingarinnar. Loks má síðarmeir, þegar hérgreindum tilgangi þykir fullnægt svo að vel sé, veita úr sjóðnum styrk fátækum sjúklingum

**38** er dvelja á sjúkrahúsinu og heimili eiga innan takmarka Neskaupstaðar, allt 25. apríl samkvæmt fyrirætlunum 4. gr.

## 4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn kr. 9000,00 — níu þúsund krónur — er heimilt að veita allt að 5000,00 kr. í einu til ráðstöfunar samkv. 3. gr. Eftir það má ekki skerða sjóðinn meir en svo að höfuðstóll verði ávallt 5000,00 kr. — fimm þúsund krónur — og aldrei veita minni upphæð í einu en kr. 500,00.

## 5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Norðfjarðar. Hætti sú stofnun störfum á einn eða annan hátt, skal fé sjóðsins ávaxtast í tryggri lánsstofnun er heimili hefir innan núverandi takmarka Neskaupstaðar ef slík lánsstofnun er til eða verður til. Starfi engin slík lánsstofnun í Neskaupstað skal féð ávaxtað í tryggri lánsstofnun innan Austfirðingafjórðungs.

## 6. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Í henni eiga sæti: Bæjarstjóri Neskaupstaðar, sjálfkjörinn, einn maður kosinn af bæjarstjórn Neskaupstaðar og einn kosinn af aðalfundi Lifrabræðslufélags Norðfirðinga, báðir til 4 ára í senn. Hætti lifrabræðslufélagið störfum eða leggist niður kýs bæjarstjórn báða mennina.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins ljúka reikningunum í janúarmánuði ár hvert.

## 8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Lifrabræðslufélags Norðfirðinga 21. jan. 1934.